

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 972/2009 um meistaranám við Háskóla Íslands í talmeinafræði.

1. gr.

Í stað orðanna „15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla“ í 4. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglnanna koma orðin: 28. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

2. gr.

Í stað orðsins „meistarapróf“ í 3. mgr. 4. gr. reglnanna kemur orðið: meistaragráðu.

3. gr.

Í stað „BS-prófi“ í staflið a 7. gr. reglnanna kemur: BS-gráðu.

4. gr.

Í stað orðsins „meistaraprófi“ í 6. málsl. 10. gr. reglnanna kemur orðið: meistaragráðu.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „meistaraprófi“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur orðið: meistaravörn.
- b. Í stað orðsins „prófið“ 2. málsl. 2. mgr. kemur orðið: vörnina.

6. gr.

Í stað orðsins „prófdag“ í 1. málsl. 14. gr. reglnanna kemur orðið: varnardag.

7. gr.

Í stað orðsins „Meistarapróf“ í 16. gr. reglnanna kemur orðið: Meistaragráða.

8. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við reglur nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 12. júní 2025.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.